



Hafnarfirði 18.01.05

Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2004

Stjórnarstarf

Fyrir síðastliðin þrjú áramót hefur stjórn SÍH markað stefnu félagsins fyrir komandi ár og birt á vefsetri þess. Í framhaldi af því hefur stjórnin sett sér markmið varðandi sérhver lið stefnunnar og að því loknu útbúið aðgerðaráætlun til að ná markmiðum sínum. Þessi aðferðarfræði gefur gott yfirlit yfir þau verkefni sem ætlunin er að vinna og allir sem hafa hlutverki að gegna vita hvað af þeim er ætlast. Meðal markmiða frá árinu 2004 var að eignast Íslands- og bikarmeistara.

Stjórnarfundir

Stjórn SÍH hélt að jafnaði einn stjórnarfund í mánuðir og hélt í þá hefð að halda þá fyrsta dag hvers mánaðar þegar því var við komið. Anna Þórðardóttir sagði af sér störfum sem gjaldkeri og þakkar stjórn SÍH Önnu innilega gott starf í allmörg ár sem gjaldkeri félagsins. Starfi Önnu var skipt niður á formann og ritara fram að aðalfundi.

Rekstrartengdur gagnagrunnur

Nýtt tölvukerfi var tekið í notkun til að halda utan um alla starfsemi félagsins. Félagatal, bókhald, árangur úr mótum, þátttaka í atburðum, umhald á forgjöf, gerð reikninga, úthlutun styrkja og fl. er nú allt skráð í einn og sama gagnagrunnin sem gefur möguleika á að halda með markvissum hætti utanum ótrúlega margar upplýsingar um félagið, félagsmenn og starfsemi þess.

Félagsfundir

Tveir félagsfundir voru haldnir á árinu. Á öðrum þeirra voru tæki og tól til skotíþrotta kynntar af sölumönnun Sportbúðarinnar Títan og kynning frá Sportmönnum Íslands á veiðiferðum til útlanda á þeim síðari. Ívar Erlendsson hélt námskeið í keppnisreglum í SKEET og voru félagsmenn mjög ánægðir með það framtak. Hugmyndin er að halda slíkt námskeið aftur innan skamms til að fylgja eftir þeim breytingum sem gerðar voru á reglum í SKEET um áramótin 2004 –2005.

Byrjendanámskeið

Aðeins eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu þátttakendum. Þar á meðal voru þrjár unglingar og þrjár konur. Að venju var skráning í félagið og árgjaldið fyrir árið 2004 innifalið í 6.000 kr. Þátttökugjaldi sem eykur líkurnar á að viðkomandi haldi áfram að sækja æfingar að námskeiði loknu.

Íslands- og bikarmeistara SÍH 2004

Eins og áður kom fram var það eitt af markmiðum SÍH að eignast Íslands og bikarmeistara árið 2004. Enn einu sinni eignaðist félagið Íslandsmeistara í sveitakeppi og ef rétt er talið þá er það fjórða árið í röð. Að þessu sinni eru það Ellert Aðalsteinsson, Sigurþór Jóhannesson og Örn Valdimarsson. Félagið eignaðist í fyrsta sinn Íslandsmeistara unglinga sem er Ólafur Össur Hansen. Örn Valdimarsson skaust upp um fjögur sæti á lokamótinu um bikarmeistara, sigraði mótið og nældi í Bikarmeistaratitilinn árið 2004

Danmerkurferð

Nokkrir félagsmenn héldu uppteknum hætti og fóru í keppnisferð til Danmerkur síðastliðið sumar og stóðu sig með mikilli þrýði. Að þessu sinni var ekki farið til Kaupmannahafnar eins og oftast áður en þess í stað til Jetsmark þar sem mótið Skandinavia Open var haldið í 12 sinn. Enginn okkar manna komst á verðlaunapall en Sigurþór Jóhannesson varð í sjötta sæti í sínum riðli. Nýliðarnir í hópnum þeir Bjarni Viðar Jónsson og Ólafur Össur Hansen komu bæði sjálfum sér og öðrum verulega á óvart með því að ná sínum besta árangri á móti til þessa. Í þessari ferð var gert samkomulag við norðmanninn og fyrrverandi heimsmeistara í skeet, Harald Jensen um að koma til Íslands og leiðbeina keppnismönnum SÍH. Því miður hefur ekki orðið að þessu þar sem Harald hefur ýtt þessu samkomulagi á undan sér um alllangt skeið. Að hans sögn er það vegna mikilla anna. Ekki mun verða gengið nánar eftir því af hálfu SÍH að hann standi við samkomulagið.

Mótanefnd

Á síðasta ári hélt félagið tvö venjuleg landsmót og Bikarmeistaramótið. Samtals voru skráðir 47 þátttakendur frá SÍH í opnum mótum á árinu 2004.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í SKEET voru fjögur og eitt skemmtimót í nordisktrap þar sem annað árið í röð var minnst friðunar rjúpunnar. Skráðir þátttakendur voru samtals 44. Á lokamótinu sem haldið var í ágúst varð Skotmaður Hafnarfjarðar árið 2004, Gunnar Gunnarsson og Skotunglingur Hafnarfjarðar, Ólafur Össur Hansen annað árið í röð. Í

fyrsta sinn kepptu konur í lokamótinu og var Dagmar Sigurðardóttir hlutskörpust og þar með fyrsta Skotkona SÍH.

Fjárhagsnefnd

- Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.
- Félagið fékk vilyrði fyrir styrk sem kemur til útborgunar snemma á árinu 2005 upp á 300.000- hann er veittur fyrir góðan árangur í sveitakeppni.
- Stjórnin setti reglur um árangurstengda styrki til keppnismanna SÍH. Með því að ná sætum og titlum á landsmótum STÍ eiga þeir rétt á að sækja um styrki sem eru greiddir út með fríum hringjum. Þessi háttur hefur vissulega komið keppnismönnum til góða þar sem samtals 11 keppnismenn fengu á árinu styrki að andvirði tæplega 500.000- kr. Stjórnin ákvað að allir styrkir í framtíðinni verði greiddir út í formi hringja.
- Ákveðið var að framvegis greiddu keppendur sjálfir mótagjöld í landsmótum en fá þau endurgreidd hjá gjaldkera í formi hringja.

Skemmtinefnd

Ákveðið var að halda ekki árshátíð að þessu sinni þar sem það stefndi í litla þátttöku. Þess í stað bauð félagið keppnismönnum sínum upp á smá grillveislu til að efla samheldni og keppnisanda.

Vallarnefnd

- Nýju skeet vélarnar sem keyptar voru árið áður voru settar upp í stað þeirra gömlu. Eitthvað hafa nýju vélarnar verið að stríða mönnum og virðast ekki hafa mikla kosti umfram þær gömlu sem hafa raunar reynst ótrúlega vel í þau sextán á sem þær hafa þjónað okkur.
- Hugmyndin er að setja gömlu vélarnar upp fyrir byrjendur og stilla þær þannig að þær séu sem heppilegastar til byrjendaæfinga.
- Allt timburverk var málað og nýr maður gerður ábyrgur fyrir því viðhaldi en það er málarinn Friðrik Þór Hjartason.
- Skotskóli Ellerts Aðalsteinssonar fékk afnot af Iðavöllum á síðasta ári til kennslu og annarra uppákoma. Líkur eru á að sú starfsemi verði enn umfangsmeiri á árinu 2005.
- Mörg hundurðuð plöntum var plantað á Iðavöllum og þar af 150 öspum sem komið var fyrir í utanverði möninni í átt að Hafnarfirði. Þetta var gert með þeirri fyrirhyggju að það komi til með að mynda hljóðmön í framtíðinni og draga úr þeim hávaða sem annars berst til bæjarins.

- Lítil viðbrögð eru frá Hafnarfjarðarbæ varðandi umsókn félagsins um stækkun vallarins. Stjórnin kvartaði undan aðstöðuleysi varðandi rafmagn, vatn, frárennsli og vegtengingu. Bæjarstjóri var heimsóttur og afhent skýrsla í máli og myndum en engin frekari viðbrögð hafa orðið af hálfu bæjarins. Stjórn félagsins hefur samið ályktun um málið sem vonandi fæst samþykkt á þingi ÍBH í apríl.
- Flaggstangir og fánaborgir voru settar upp og nú getur félagið dregið fána að húni með miklum glæsibrag á hátíðastundum.
- Stjórn SÍH er með hugmyndir um að ráðast í stækkun á félagsheimilinu og hefur fengið Hannes Jónsson til að teikna og útfæra viðbygginguna.

Mikið skotið á Iðavöllum

Á árinu 2004 var skotið um það bil 110 þúsund leirdúfum og er það svipað magn og á síðastliðnum árum. Ekki er ástæða til að áætla mikla breytingu á milli ára.

Ritnefnd

Félagið hefur haldið úti öflugum vefsetri þar sem lögð er áhersla á að hafa allar nýtanlegar upplýsingar fyrir félagsmenn aðgengilegar. Einnig er aðgangur að gæðahandbók félagsins þar sem félagsmenn geta sótt upplýsingar, fengið leiðbeiningar og kynnt sér reglur félagsins. Ný netföng tengd léni félagsins voru sett upp og nú eru í gildi netföngin sih@sih.is fyrir skrifstofu SÍH, idavellir@sih.is, fyrir vallarnefnd mot@sih.is fyrir mótanefnd og afingar@sih.is fyrir ritara sem annast umhald hringja.

Áætlanir fyrir næsta ár

Rekstrar- og viðhaldsáætlanir fyrir árið 2004 liggja fyrir hjá vallarnefnd og fjárhagsáætlun liggur fyrir hjá stjórn og verður kynnt síðar á aðalfundinum.

Þar sem Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar verður 40 ára á þessu ári er ætlunin að halda veglegt opið afmælistótt 2. og 3. júlí.

Að því tilefni dreymir stjórnin um að hægt verði að ljúka við stækkun á félagsheimilinu fyrir þann tíma þannig að hægt verði að halda veglega afmælisveislu að keppni lokinni.

Virðingarfyllst
fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen
formaður SÍH